

skipun 24. septbr. s. á., frá 1. þ. m. mun sjá um, að stiptamtinu verði sent sitt exemplarið af hvorju, Lagatíðindum (*Lovtidende*) og Stjórnartíðindum (*Ministerialtidende*), sem skulu fylgja embættinu, mælumst vör til, að þér tilkynnið hinum íslenska landsýfir-rætti og alþingi, að þeim muni á líkan hátt verða send 2 exemplör af Lagatíðindum og 1 af Stjórnartíðindum, og skal hvorttveggja vera eign yfirréttarins og þingsins.

1871.

17. janúar.

5. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um sölu á prestssetrinu Eyri við Skutulsfjörð.¹

19. janúar.

Í bréfi 29. ágúst f. á. höfð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, stungið uppá, að kirkju- og kennslustjórnin útvegði konungsúrskurð, er veitti yður heimild til, samkvæmt þeim samningum, sem gjörðir hafa verið 1. febr. og 7. maí f. á., að

¹) Samkvæmt tilskipun 26. janúar 1866 25. gr. hafði bæjarstjórnin á Ísafirði fyrir hönd kaupstaðarins leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess að kaupa prestssetrið, með þeim skilmálum, sem tilgreindir eru í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar; útaf þessu hefir dómsmálastjórnin skrifað amtmanninum í vesturumdæminu, 23. febr., meðal annars þannig

„Eftir að stjórnarráðið útaf þessu hefir skrifazt á við kirkju- og kennslustjórnina, og frá henni fengið vitneskju um, að hans hátign konunginum hafi þóknazt 10. f. m. allramildilegast að fallast á, að stiptysfirvöldunum yfir Íslandi verði veittur myndugleiki til að selja prestssetrið Eyri með þeim skilmálum, sem hlutaðeigandi prestur og bæjarstjórnin í Ísafjarðar kaupstað hafa komið sér saman um, 1. febr. og 7. maí f. á., gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin að því leyti, er snertir kaupstaðinn, hefir ekki neitt ámoti því, að kaupin fari fram með þeim skilmálum, sem getið er að framan, og skal því að endingu við bætt, að stjórnarráðið eptir því, sem segir í fyr nefndu bréfi yðar, verður að vera yður samdóma í því, að ef nokkur ágreiningur skyldi verða um skilning á samningnum, þá skuli málið ganga til dóms og laga.“

1871.

19. janúar.

selja Ísafjarðar-kaupstað prestssetrið Eyri við Skutulsfjörð með kirkjunni og landi staðarins frá Hnífsdals landareign innst inn á Torfnæs, fyrir utan Stakkanes, með þeim skilmálum, sem hér skal greina:

1. að kaupstaðurinn taki við kirkjunni, og allri ábyrgð á henni, þar með einnig því, sem eptir stendur af skuld kirkjunnar til ríkissjóðsins, þar að auki greiði hann 150 rd. á ári hverju til Eyrar prestakalls, og til tryggingar þessari skuldbinding veiti fyrsta veðrätt í jörðinni og því, sem henni fylgir;
2. að sóknarpresturinn á Eyri skuldbindist til, að búa eptirleidis í kaupstaðnum á Ísafirði; þó skuli það leyft þeim presti, sem nú er, að búa á Stakkanesi þangað til hann er búinn að fá sér íveruhús í kaupstaðnum;
3. að sóknarprestinum leyfist, að nota húsakynni á prestssetrinu afgjaldslaust eitt ár, frá því að þessi samningur er staðfestur, og honum verði vísaður staður til uppsáturs á kaupstaðarlóðinni kauplaust, á meðan hann býr utan kaupstaðar.

Ennfremur eru tilgreindir nokkrir skilmálar, er snerta úttektina á staðnum, til dæmis, í hvaða standi byggingarnar skuli vera, og að prestur skuli borga að fullu og öllu þá 200 rd., er hann fékk í ofanálág fyrir kirkjuna, þótt hann fyrir skömmu hafi varið nokkru til hennar.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið skrifazt á við dómsmálastjórnina, og borið málið upp fyrir konungi; samkvæmt uppástungu stjórnarráðsins hefir hans hátign konunginum þóknazt 10. p. m. allramildilegast að fallast á, að stiptsyfirvöldunum á Íslandi sé veittur myndugleiki til að selja prestssetrið Eyri með öllum itökum frá Hnífsdals landareign innst inn á Torfnæs, fyrir utan Stakkanes, ásamt tilheyrandi byggingum, túni og öllum gögnum og gæðum, með þeim skilmálum, sem getið er að framan. Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hér með til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það, og gjörð ráðstafanir þær, sem með þarf.

Útskrift af gjörða- og kjörfundabók Ísafjarðarkaupstaðar.

Ár 1870 þriðjudaginn þann 1. febrm. átti undirskrifuð þæjar-

stjórn fund með prestinum að Eyri, prófasti Árna Böðvarssyni, til þess að reyna samkomulag um skilmála fyrir afsali prestssetursins Eyrar til kaupstaðarins.

1871.
19. janúar.

Eptir margar umræður milli hlutaðeigenda varð svolátandi samkomulag:

Eg undirskrifaður Árni Böðvarsson, prestur og prófastur á Eyri, afsala til kaupstaðarins Ísafjarðar prestssetrið Eyri og allt Eyrarland fra Hnifsdals landareign innst inn á Torfnes, fyrir utan Stakkanes, með tilheyrandi húsum, túni og öllum herlegheitum, móti því að kaupstaðurinn taki að sér kirkjuna á Eyri og alla ábyrgð af henni og skuld þeirri, sem kirkjan stendur nú í við stjórnina, ásamt þeim tekjum, sem henni tilheyra, og þess utan að kaupstaðurinn borgi mér, eða hverjum þeim presti, sem hér væri á Eyri, árgjald að upphæð 150 rd.

En það stykki af Eyrar landi, sem er fyrir innan Torfnesið, inn að Seljalands landareign, undanskil eg, og áskil mér (það), og hverjum þeim presti, sem kynni að verða hér eptir minn dag.

Við undirskrifaðir, bæjarfógeti og bæjarfulltrúar, lofum kaupstaðarins vegna að taka að oss kirkjuna á Eyri með tekjum hennar, og standa straum af henni og skuld þeirri, sem hún er nú í við stjórnina, og lofum að borga úr bæjarsjóði árgjald 150 rd., móti því að fá til allra afnota jörðina Eyri með öllu henni fylgjandi, húsum, túni, engjum, holti, haga og öllum herlegheitum, frá Hnifsdals landareign að utanverðu allt inn að innri hlið á Torfnesinu, sem er næst fyrir utan Stakkanes. Þetta allt af beggja málsparta hálfu samþykkt með því móti, að vesturamtið og stípts-yfirvöldin á Íslandi samþykki.

Árni Böðvarsson. Stefán Bjarnarson. L. A. Snorrason.
U. T. Thostrup. F. Árnason. Jón Jónsson. E. V. Sandholt.

In fidem

St. Bjarnarson.

Ár 1870 þann 7. maím. var á skrifstofu bæjarfógeta á Ísafirði haldinn fundur af undirskrifaðri bæjarstjórn og prestinum á Eyri, prófasti Árna Böðvarssyni, til þess að reyna samkomulag um nokkra viðaukaskilmála, sem velnefndur prestur hefir sett fyrir

1871.
19. janúar.

afsölu Eyrar prestsseturs til Ísafjarðarkaupstaðar. Þessir viðauka-skilmálar frá prestsins hálfu eru:

1. að hann fái uppsátur og fiskiverkunarpláz borgunarlaust á Tangalóðinni;
2. að hann fái að brúka Eyrarbæ frítt í eitt eða tvö ár;
3. að hann megi skila kirkjunni in statu quo álagslausri;
4. að hann megi skila Eyrarbæ in statu quo álagslausum.

Þaræð þessir viðaukapóstar mót von bæjarstjórnarinnar komu til umræðu milli viðkomandi málsparta, sem skilmálar fyrir afhendingu Eyrar prestsseturs, áleit bæjarstjórnin sig hafa heimild til að bæta við einum skilmála af sinni hálfu, nefnilega:

5. að presturinn skuldbindi sig og sína eptirmenn í kallinu til þess að búa í kaupstaðnum.

Um þessa 5 pósta byrjaði umræða og endaði með svo hljóðandi samkomulagi:

að 5. pósti. Presturinn skuldbindur sig og sína eptirmenn í prestakallinu til að búa í kaupstaðnum, þó svoleiðis, að presturinn áskilur sér rétt til að búa á Stakkanesi þartil hann er búinn að útvega sér eða byggja íbúðarhús í kaupstaðnum.

að 1. pósti. Þessi póstur fellur burtu, þegar presturinn er orðinn kaupstaðarbúi, þaræð hann nýtur þá sömu réttinda sem hver annar innbúi kaupstaðarins, en skyldi prófastur sèra Árni Böðvarsson um stundar sakir verða utanbæjarnaður, leyfir bæjarstjórnin honum frítt uppsátur á kaupstaðar-lóðinni fyrir sín eigin skip og fiskiverkunarpláz fyrir sinn eigin fisk borgunarlaust.

að 2. pósti. Bæjarstjórnin samþykkir, að prófastur herra Árni Böðvarsson noti Eyrar bæ eitt ár borgunarlaust, reiknað frá þeim degi, sem réttir viðkomendur hafa lagt samþykki sitt á þenna samning og velnefndur prófastur gjörir sig ánægðan með þenna frest.

að 3. pósti. Jafnvel þó prófastur herra Árni Böðvarsson hafi næstliðin 4 ár á ýmsan hátt dittað að kirkjunni, og þetta hafi kostað hann nokkra peninga, lofar hann þó, með sérlegu tilliti til hinnar miklu þarfar, sem kirkjan hefir til allra þeirra peninga, sem hún hefir nokkuð tilkall til, að svara þeim 200 rd. óskertum,

sem hann tók á móti í ofanálág, hverju bæjarstjórnin gengur að með þökkum.

1871.
19. janúar.

ad 4. pósti. Prófasturinn lofar að skila öllum jarðarhúsum á Eyri í líku standi sem þau nú eru í, og láta af hendi allt naglfast, gólf og þiljur, o. s. frv., sem nú er hans eign innanum bæinn, að engu undanskildu, í ofanálág, nema timburhúsinu, og gjörir bæjarstjórnin sig ánægða með þetta. Þó undanskiljast stórskemmdir, sem presturinn borgar, en þar á móti ekki venjuleg fyrning, sem fellur bæjarsjóðnum, fyrir þann tíma, sem presturinn samkvæmt framangreindu hefir rétt til að búa í honum.

Að endingu komu báðir viðkomandi málspartar sèr saman um, að skyldi eitthvað ágreinings atkvæði rísa útaf þeim upprunalega samningi, dagsettum 1. febr. þ. á., sem allir viðkomendur þó ekki álitu neitt tvíræðan, eða þurfa nokkurra athugasemda með, að það skuli metast og afgjörast af útnefndum óvilhøllum mönnum, sem málspartar sjálfir koma sèr saman um, eða eru útnefndir af yfirumsjónarmönnum kaupstaðar og prestsseturs-lóðarinnar.

Ofanskriðu til staðfestu eru allra viðkomenda undirskrifuð nöfn.

(Sömu nöfn og að framan).

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu héraðslækna til að ferðast um Skaptafellssýslu.¹

24. janúar.

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hefir farið þess á leit, sökum þess, að þar gekk í fyrra mislinga-sótt, að það verði gjört þeim tveimur héraðslæknum að skyldu, sem skipaðir eru í Austur- og Vestur-Skaptafellssýslu, — en það eru þeir: lækurinn í austur-héraði

¹) Þetta bréf er s. d. tilkynt amtmanninum í norður- og austurum-dæminu.